

Stjórnvöld eru hrædd við byltingu

Ræða Björns Þorsteinssonar á Austurvelli 27. des 2008

Góðir fundarmenn!

Eftir nokkra daga birtist forsætisráðherrann ábúðarfullur að vanda á sjónvarpsskjám landsmanna og heldur yfir okkur þaulhugsáða ræðu þar sem hann leggur mat á atburði ársins sem nú er að líða. Jafnframt mun hann áreiðanlega greina okkur frá einu og öðru sem ætlunin er að taka til bragðs á nýja árinu. Því að staðan er alvarleg, það höfum við heyrt, og allir þurfa að leggjast á árarnar, og standa saman, og ekki má leita að sökudólgum, og umfram allt ekki persónugera vandann.

En við erum ekki komin hér saman í dag til að hlusta á þennan gamalkunna söng. Og ég fullvissa ykkur að þennan sönglanda ætla ég ekki að hafa yfir hér í dag: né heldur ætla ég að rifja upp einu sinni enn allt það sem við vitum öll alltof vel og höfum þegar rætt okkur til óbóta, eða þar um bil, og jafnvel öskrað um á torgum – og einhver okkar hafa jafnvel gengið svo langt að kasta einhverju í eitthvað og jafnvel brjóta eitthvað, viðkvænum pollýönnum úr blaðamannastétt til sárrar armæðu.

En þó að ég ætli ekki að persónugera vandann eða elta ólar við þá sem kunna að hafa framið landráð, af gáleysi eður ei, get ég ekki neitað því að ég mun að einhverju leyti láta undan þeirri freistungu að apa eftir áramótastellingum landsföðurins – líta um öxl og horfa fram á veginn.

Eins og forsætisráðherrann, og flestir aðrir, sé ég blikur á lofti og háska í nánd. Hver er þessi hætta? Hún er ekki í því fólgin að stjórnvöldum mistakist á einhvern hátt að framfylgja forskriftum Alþjóða gjaldeyrissjóðsins – heldur er hún þvert á móti sú að forsætisráðherra og öðrum ráðamönnum verði að ósk sinni og takist ætlunarverkið – og allt sækí í sama farið – allt verði eins og áður að því undanskildu að farið sem við lendum í, þetta sama far, verði dýpra en áður. Að við fáum það sem á enskunni heitir „more of the same“. Óbeislaðri markaðshyggu, skefjalausari auðsöfnun, meiri mismunun, veikara velferðarkerfi, meiri eymd. Sama gerspillta kerfið þar sem auðmenn, ráðamenn og fjölmilafolk sukka bak við tjöldin eða jafnvel fyrir opnum tjöldum og leika fjárhættuspil með almannafé um leið og þau halda okkur í þeirri blekkingu að allt sé þetta í okkar þágu.

Petta óttast ég að stjórnvöld séu að gera í reynd. En ég veit jafnframt að helst má ekki hafa orð á þessari skoðun – vegna þess að stjórnvöld eru hrædd. Þau eru hrædd við umbjóðendur sína, við þjóðina, við skriflinn, við lýðinn – við okkur. Þau eru hrædd um að við sjáum það sem við megum ekki sjá, þau eru hrædd um að réttlætisneistinn blossi upp í brjóstum okkar, þau eru hrædd um að við stígum fram og krefjumst róttækra breytinga. Þau eru hrædd við byltingu.

Byltingu? Það er stórt orð. En staðreyndin er sú að úr öllum áttum heyrist nú talað um byltingu eða a.m.k. byltingarástand. Og auðvitað er margt til í slíku tali – auðvitað er hér byltingarástand. Ef ekki núna, þá hvenær? En um leið er hættan til staðar, um leið er hættan meiri en oft áður: að frjókorn hins nýja nái ekki að skjóta rótum, að það verði kæft í fæðingu. Við vitum öll að það er einmitt þetta sem hinn þríhofða þurs stjórvalda, auðmagns og fjölmíðla er í óða önn að koma í kring á þessari stundu, meðan við stöndum hér.

Lítum sem snöggvast til sögunnar. Öll höfum við alist upp við linnulaust tal um sjálfstæði íslensku þjóðarinnar. En hvaða sjálfstæði er það? Sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á 19. öld var ekki

sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar heldur var hún knúin áfram af hagsmunum hinna ríku – kaupmanna og stórbænda – sem vildu koma í veg fyrir að vindar lýðrædis og frelsis bærust frá Danmörku til Íslands. Þannig var „sjálfstæðisbaráttan“ svokallaða, og arftaki hennar, hin óskiljanlega „sjálfstæðisstefna“, allt frá upphafi ekkert annað en blekking í þágu hinna ríku og máttugu, til þess ætluð að halda þeim sem minna máttu sín í hlekkjunum sem þeir þegar voru í. Þessi stefna á sér enn í dag máttugan og mikilsverðan fulltrúa meðal íslenskra stjórnmálflokka. Og nú þýðir ekki lengur fyrir Sjálfstæðisflokkinn að skýla sér á bak við „sjálfstæðishugsjónina“ – keisarinn er nakinn, það sjá allir að hann er ekki í neinum fótum lengur og sannleikurinn blasir við.

Því við vitum núna að kjör almúgans á Íslandi hafa versnað, en ekki batnað, í hinu svokallaða „góðæri“ sem okkur er sagt að hafi lengi ríkt hér á landi. Og viti menn – nú þegar Ísland er endanlega gengið á vald sjálfrar hákirkju óðamarkaðshyggjunnar – Albjóða gjaldeyrissjóðsins – þá er auðvitað fyrsta skilyrðið, og eftir því sem best verður séð aðal-skilyrðið, að það sem mest var skorið niður meðan g(r)óðærið geisaði verði líka að skera niður núna! Menntakerfið, heilbrigðiskerfið, félagslega kerfið – hvaðeina sem mestu skiptir fyrir kjör allrar alþýðu manna í landinu – en þegar rætt er um að taka upp hátekjuskatt eða gera eftirlaun þingmanna sambærileg við það sem almúginn má búa við – þá þarf ekki að flýta sér, þá er um eintóm „táknræn atríði“ að ræða.

Hér kemur sannleikur kenningarinnar í ljós – þeirrar kenningar sem fengið hefur að geisa hér á landi óbeislud um tveggja áratuga skeið – frjálshyggjunnar. Frjálshyggjan er kenning sem er reist á einföldu lögmáli: einkavæða hagnað, þjóðnýta tap. Eða, með öðrum orðum: öllu skiptir að þeir ríku fái að verða ríkari og að þeir efnalitlu verði efnaminni – og að þegar illa fer hjá þeim ríku, spilavítiskapítalistunum, þá taki fjöldinn af þeim höggið. Þegar á reynir kemur í ljós að það er almenningur sem skrifar upp á víxlana, að sér forspurðum – eða, með öðrum orðum: við erum veð. Og í berhögg við allar staðreyndir er okkur sagt að þetta sé öllum til hagsbóta, að þetta sé hið besta mögulega samfélagsform – „sorrí, krakkar, við getum bara ekki gert betur en þetta“. Eða: „Já, satt er það, útrásarvíkingarnir steyptu þér og börnunum þínum í botnlausar skuldir – en, kallinn minn, shit happens!“ –

Hvernig eigung við að bregðast við slíkum yfirlýsingum, þessum yfirlætislegu eftiráskýringum sem eru í einfeldni sinn ekkert annað en hreinar birtingarmyndir þeirra trúarbragða sem riðið hafa húsum undanfarna áratugi? Eigung við að trúa þeim sem svona talar og leggja hendur í skaut? Nei – við snúum einfaldlega vörn í sókn og segjum: þið getið ekki blekkt okkur endalaust, hingað og ekki lengra!

Hvað höfum við lært á þessu ótrúlega ári, 2008? Ein sársaukafyllsta lexían hefur verið sú að kerfið, þetta stjórnkerfi sem byggt var upp á landinu á 20. öld – er rotið inn að beini, gerspilt og handónýtt. Og nú er sem ég heyri rödd berast af himnum eða ef til vill af svölunum á húsinu hér til hægri: hvað viltu, hvað viljið þið fá í staðinn? Eða, eins og Ingibjörg Sólrún orðaði það svo snyrtilega á borgarafundinum í Háskólabíói um daginn: ef þið losnið við okkur, þá fáið þið bara aðra stjórnmálastétt í staðinn! En það er einmitt þetta sem við viljum ekki. Við viljum ekki fá aftur yfir okkur sérstaka „stétt“ stjórnmálamanna sem heldur sömu síðum og tíðkast hafa – og lætur verða sitt fyrsta verk að mynda valdaklíku með stuðningi auðmanna og fjölmíðlafólks sem síðan framleiðir látlauð, alla daga vikunnar, sinn blekkingarvef. Nei, þetta viljum við ekki. Við viljum ráða sjálf! Við viljum sannkallað lýðræði, skilyrðislaust lýðræði! Við viljum réttlátt þjóðfélag! Það sem við viljum, það er ekki áfram Ísland – það er nýtt Ísland, Ísland þar sem hagsmunir þjóðarinnar ráða ferðinni, þar sem auðurinn er beislaður í þágu allra, þar sem jafnræði ríkir og þjóðremba heyrir sögunni til.

Þannig skulum við átta okkur á því að það er undir okkur sjálfum komið hvers konar ár, gott eða slæmt, árið 2008 mun reynast vera. Hrunið var slæmt, margir hafa þurft að blæða og það versta er ennþá framundan – en við skulum samt ekki gleyma því að í þessu ástandi búa líka stórkostlegir og áður

óþekktir möguleikar. Miklir möguleikar, en líka mikill háski. Var árið 2008 gott ár eða slæmt – fyrir íslensku þjóðina eða fyrir auðmennina og valdaklíkuna? Við skulum sjá til þess að árið 2008 verði, þegar upp er staðið, gott ár fyrir þjóðina – en ekki árið þar sem valdaklíkunni tókst að koma draumakerfi sínu endanlega í framkvæmd þar sem peningahyggjan ríkir ein. Það er á okkar valdi, örlög okkar eru í okkar höndum!

Skyggnust að lokum inn í framtíðina – bregðum upp dálítilli framtíðarsýn sem eflaust er ekki landsfeðrum að skapi. Hvað blasir við á næstum árum og áratugum?

Markaðshyggjan, frjálshyggjan, peningahyggjan, hin blinda trú á hina ósýnilegu hönd – er dauð. Hún kemur aldrei aftur. Vera má að hún muni reyna að rísa upp úr gröf sinni í einstaka bananalýðveldum þar sem auðmagnið hefur náð að grafa betur um sig en annars staðar – til dæmis gæti það gerst hér á Íslandi. En það verða aðeins dauðakippir. Framtíð mannkyns liggur annars staðar. Mannkynið hefur ekki efni á því að binda trúss sitt lengur við þessa fáránlegu hugarsmíð. Þess í stað þurfa allar þjóðir að leggjast á eitt í baráttunni við hungur, óréttlæti, ógnir í umhverfismálum, stríð og glæpi. Augljóst er að þessi barátta krefst alþjóðlegrar samvinnu og skilvirkra alþjóðastofnana. Þar er komin hin raunverulega merking orðsins útjaskaða „hnattvæðing“ – lýðræðisleg hnattvæðing, hnattvæðing í þágu allra jarðarbúa nær og fjær, hnattvæðing sem miðast við að tryggja hagsmuni mannkyns alls og jarðarinnar í heild. Ekki sú efnahagslega hnattvæðing sem – bókstaflega – ætlar allt lifandi að drepa. Lýðræðisleg stjórn á auðmagninu í stað þess að auðmagnið stjórni lýðræðinu.

Ég er bjartsýnn. Ég er bjartsýnn á að Íslendingar, hinir nýju Íslendingar, lausir úr viðjum kasínókapítala, eigi sér bjarta framtíð í þessum nýja heimi. En haettan er engu að síður til staðar, og árið 2009 verður örlagaríkt. Höldum því áfram baráttunni af djörfung og dug, og látum enduróma um stræti og torg, um þingsali, ráðherrabústaði og reykfyllt bakherbergi, kröfuna góðu, kröfuna okkar: kröfuna um réttlátt þjóðfélag!